

Alþingi
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2023
Tilv.:23051828 / AFJ

Efni: Umsögn Samgöngustofu við tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa – 383. mál

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 17. maí sl. þar sem óskað var umsagnar tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa.

Samgöngustofa fagnar tillögunni. Ljóst er að lagaramminn um móttöku skemmtiferðaskipa er víðfeðmur og eru margir aðilar, hvorutveggja opinberir sem og einkaaðilar sem koma þar að.

Samgöngustofa, Umhverfisstofnun og Landhelgisgæslan hafa útbúið leiðbeiningarrit um helstu reglur sem gilda um skemmtiferðaskip sem koma hingað til lands og er vinna hafin við að uppfæra ritið sem gefið var út 2019.

Í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 kom jafnframt í ljós að stjórnvöld höfðu almennt ekki vald til að skilyrða eða hindra för skipa til landsins. Samgöngustofa telur að ef setja eigi stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa þá þurfi jafnframt að fylgja lagaheimildir til að fylgja henni eftir.

Þá vekur stofnunin athygli á að tillagan í núverandi mynd byggir á að niðurstöðu sé skilað fyrir 1. maí 2023 sem er liðinn. Jafnframt sé æskilegt að starfshópur sem sé skipaður hafi rúman tíma til vinnslu verksins enda málefnið víðfeðmt og heyrir undir ýmis ráðuneyti sem og undirstofnanir þeirra, þ.m.t. innviðaráðuneytið er lítur að eftirliti með erlendum skipum, umhverfis- og auðlindaráðuneytið er lítur að mengunarkröfum, umhverfisvernd og landtöku og menningar- og viðskiptaráðuneytið er lítur að málefnum ferðamannaíðnaðarins sem slíks. Þá þarf jafnframt að gæta þess að hver þau skilyrði sem skipum séu sett séu í samræmi við Hafréttarsamning Sameinuðu Þjóðanna en framkvæmd hans er á herðum utanríkisráðuneytisins sem og að eftirlit þarf að hafa með skipunum á siglingu og gæta að tollalögum en þau verkefni heyra undir dómsmálaráðuneyti og ljármálaráðuneyti.

Samgöngustofa er reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum sem og hverjum þeim spurningum sem kunna að vera varðandi komur skemmtiferðaskipa hingað til lands.

Virðingarfyllt

Halldór Ó. Zoëga
deildarstjóri skipaeftirlits

Aron Freyr Jóhannsson
lögfræðingur